



Skýrsla Stjórnar SÍGÍ starfsárið 2024

Stjórn SÍGÍ 2024

Formaður Steindór Kr. Ragnarsson

Aðrir í stjórn eru þeir Einar Gestur Jónasson, Leó Snær Pétursson, Jóhann Gunnar Kristinsson gjaldkeri, Ellert Jón Þórarinsson, Hólmar Christiansson og Haukur Jónsson.

Haldnir voru um 8 formlegir stjórnarfundir ásamt nokkrum öðrum óformlegum. Flestir fóru fram í gegnum fjarfundarbúnað TEAMS.

Ráðstefna SÍGÍ 2024

Dagana 7.-8.mars var haldin ráðstefna SÍGÍ. Ráðstefnan í ár var af stærri gerðinni þar sem um afmælisár SÍGÍ var um að ræða.

SÍGÍ
Afmælisráðstefna
Laugardalsvöllur
7 og 8 Mars

Fimmtudagur 7. mars

- 09:00: Opnun
Steindór Kr Ragnarsson
- 09:05: Disease management without traditional pesticides
Dr. John Dempsey
- 10:10: Data collection
Chris Tritabaugh
- 11:20: Maintaining hybrid Football Pitches
Gary Lee, Tottenham Hotspur
- 11:50: Hádegismatur
- 12:30: Frankly Speaking
Dr. Frank Rossi
- 13:45: Importance of irrigation design
Ardian Morton
- 14:15: Kress
- 14:50: Kaffi
- 15:00: What Lies Beneath
Jeremy Hughes - Origin Amenety solutions
- 15:30: Husqvarna
Sebastian Spoerl
- 16:00: Can wetting agents and soil surfactants improve plant and soil health.
Micheal Fance - Aquatrols
- 16:30
HÁ Verslun

Föstudagur 8. mars

- 09:00: Carbon Par
Edwin Roald
- 09:30: Research I've done over the past 3 years
Dr. John Dempsey
- 10:40: Frankly speaking
Dr. Frank Rossi
- 11:40: Seed for sports
Olaf Bos - Barenburg
- 12:10: Hádegismatur
- 12:50: Indigrow
Richard poskitt/ NPK
- 13:20: SIS Pitches
Carlos
- 13:50: Tru-Turf Rollers
Daniel Thomson
- 14:20: Kaffi
- 14:30: Cushman/EZ-GO
- 15:00: pitch Renovation – Icelandic style
Richard & Lee - Campey Turf
- 15:30: Niðurstöður Könnunar SÍGÍ.
Steindór Kr Ragnarsson
- 19:00: Kvöldmatur á Fjörukránni

Alls mættu um 60 manns og 15 erlendir fyrirlesarar en þetta var ein allra stærsta ráðstefna sem SÍGÍ hefur haldið. Ráðstefnan var haldin í húsakynnum KSÍ líkt og áður og þökkum við KSÍ kærlega fyrir það. Ráðstefnan var afar vel mönnuð ma. nokkrir af eftirsóttustu fyrirlesurum í golfgeiranum. Mikil

ánægja var með ráðstefnuna og var eftir því tekið erlendis frá svo það komi fram. Fram komu John Dempsey, Frank Rossi og Chris Tritabaugh og fleiri.

SÍGÍ þakkar samstarfsaðilum sem lögðu okkur lið og ber þar helst að nefna HÁ Verslun, Grastec og KSÍ.



FEGGA

Árlega ráðstefna FEGGA fór fram í Madrid á Spáni dagana 12.-15. mars. Haukur Jónsson, Einar Gestur Jónasson og Steindór Kr. Ragnarsson mættu fyrir Íslands hönd og voru aðal umræðuefnin og fundarefnið hinar miklu áskoranir sem herja á golfvallarumhirðu í Evrópu vegna banna á ýmsum hjálpar- og varnarefnum ásamt breyttu veðurfari.



STERF

STERF, Norræni grasvalla- og umhverfissrannsóknasjóðurinn, er sameiginlegur þekkingarbrunnur og rannsóknarvettvangur norrænu golfsambandanna.

STERF hefur gefið frá sér margt efni sem aðgegnilegt er á þeirra heimasíðu www.sterf.org. Mikið efni hefur verið þýtt yfir á íslensku. Þrátt fyrir að efnið sé hugsað fyrir golfvelli er hér margt sem umsjónaraðilar knattspyrnuvalla geta nýtt sér.

SÍGÍ er í samstarfi við GSÍ og Edwin Roald, golfvallahönnuð og ráðgjafa, við vinnu að einskönar dagatalskerfi þar sem aðildarfélög GSÍ og félagar í SÍGÍ geta fengið tímasettar, árvissar áminningar um tiltækt fræðsluefni og heilræði um gagnlegar aðgerðir, m.a. á golfvöllum sjálfum og í samskiptum við sveitarfélög um frekari stuðning við vinnu klúbbanna og SÍGÍ-félaga á þeim. Kerfið er hugarfóstur Edwins og er stefnt að því að kynna framtakið fullmótað á vörfundi SÍGÍ 6. mars nk.

Meistaramót SÍGÍ 2024

Haldið var glæsilegt Meistarmót SÍGÍ í samstarfi við HÁ verslun þar sem 52 félagar tóku þátt við frábærar aðstæður hjá Golfklúbbi Mosfellsbæjar. Keppt var á frábærum Hlíðarvelli.



Vel var veitt að venju, súkkulaði og snúðar í teiggjöf, grillpýlsur út á velli ásamt millisterkri fljótandi næringu, ljósmyndarinn keyrði um með nammi og drykki og enn eitt metið var slegið í úrdráttarverðlaunum.

Birgir Jóhannsson lék afar vel á 37 punktum og var því krýndur kampakátur SÍGÍ meistari 2024. Í öðru sæti var Einar Már Hjartarson með 37 punkta og í þriðja sæti var Daniel Sam Harley á 37 punktum einnig.

Eftirtalin fyrirtæki styrktu mótið af myndarskap með ýmsum gjöfum og er þeim færðar bestu þakkir fyrir, án þeirra er alveg ljóst að mótið væri ekki eins glæsilegt og raun ber vitni.

Altis, Askja, Epli, FLUX- vökvun, Grastec, Golfskálinn, Grasavinafélagið, GSÍ, Icelandair, ÍSAM, Kjöthúsið, KSÍ, Mekka, Nói Síríus, Ó Johnson og Kaaber, MHG- verslun, Ormson, Sjóvá, Vodafone, Ölgerðin, 66 og HÁ- verslun sem bauð öllum í matinn að eftir golfið.

Auk þess gáfu eftirfarandi golfklúbbar fríspil í verðlaun:

Keilir, GM, Brautarholt, GA, Nesið, Oddur, GKG, Flúðir, Oddur og GR.

Bjarna Hannessyni vallarstjóra og Ágústi Jenssyni framkvæmdastjóra voru færðar þakklætisgjafir fyrir höfðinglegar móttökur og lán á frábærum velli og vallarstarfsmönnum einnig þakkað þeirra hlutverk.

SÍGÍ varð 30 ára á árinu og voru því bæði ráðstefnan í mars og golfmótið okkar með stærri sniðum og frábært að sjá okkar samtök stækka með hverju árinu og þáttaka okkar meðlima eykst einnig með hverjum viðburðinum en aldrei hafa fleiri tekið þátt í golfmótinu í ár og aldrei jafn margir sótt ráðstefnu okkar líkt og í mars síðastliðinn.

Einstaklega gaman var að heiðra nokkra af okkar meðlimum á síðasta aðalfundi. SÍGÍ veitti nokkrum meðlimum SÍGÍ þakklætisvott fyrir mikinn stuðning og vel unnin störf í þágu félagsins og okkar fags. Silfurmerkið hljóta þeir aðilar sem hafa unnið ötullega fyrir hönd félagsins um árabíl



Það voru þeir Ágúst Jensson sem var í stjórn SÍGÍ í 12 ár, þar af formaður í 5 ár ásamt því að koma að ráðgjöf ofl. fyrir hönd SÍGÍ. Brynjar Sæmundsson var í stjórn SÍGÍ í 9 ár, formaður í eitt ár og fyrirlesari ofl. í hart nær 30 ár. Guðmundur Árni Gunnarsson var í stjórn í 14 ár á miklum uppvaxtarárum SÍGÍ. Steinn G. Ólafsson var í stjórn í 2 ár og skoðunarmaður reikninga í meira og minna 25 ár. Örn Hafsteinsson var í stjórn í 14 ár einnig líkt og Guðmundur á miklum uppvaxtartímum SÍGÍ.



SÍGÍ veitti Ólafi Þór Ágústssyni Gullmerki SÍGÍ og nafnbótina heiðursmeðlimur SÍGÍ. Ólafur er einn af stofnendum SÍGÍ, óhætt er að segja hann hafi unnið ákveðið frumkvöðlastarf í faginu, hann var formaður SÍGÍ í 3 ár ásamt því að hafa verið einn íslendinga forseti FEGGA í 4 ár. Saga Ólafs í SÍGÍ spannar því öll 30 ár SÍGÍ

Fyrir hönd stjórnar SÍGÍ

Steindór Kr. Ragnarsson

Formaður SÍGÍ